

Aðalnámskrá leikskóla

Lokadrög 09.11.10

Drög

## Efnisyfirlit

<b>INNGANGUR .....</b>	<b>2</b>
<b>LEIÐARLIÓS LEIKSKÓLASTARFS .....</b>	<b>4</b>
<b>LÝÐRÆÐI OG SAMSKIPTI .....</b>	<b>7</b>
<b>LEIKUR OG NÁM.....</b>	<b>8</b>
<b>SAMÞÆTT OG SKAPANDI LEIKSKÓLASTARF .....</b>	<b>9</b>
<i>Tjáning og samskipti.....</i>	<i>9</i>
<i>Hreyfing og vellíðan.....</i>	<i>10</i>
<i>Umhverfi og vísindi.....</i>	<i>10</i>
<i>Menning og listir .....</i>	<i>11</i>
<b>NÁMSUMHVERFI.....</b>	<b>12</b>
<b>MAT Á VELLÍÐAN OG NÁMI BARNA.....</b>	<b>13</b>
<b>FJÖLSKYLDAN OG LEIKSKÓLINN.....</b>	<b>14</b>
<b>TENGL SKÓLASTIGA .....</b>	<b>15</b>
<b>SKÓLANÁMSKRÁ OG STARFSÁÆTLUN .....</b>	<b>16</b>
<b>MAT Á LEIKSKÓLASTARFI .....</b>	<b>18</b>

## Inngangur

Í leikskólum á velferð og hagur barna að vera leiðarljós í öllu starfi. Veita á börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla á að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla eiga að mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla eru:

- a. að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
- b. að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
- c. að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- d. að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- e. að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
- f. að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til manlegra samskipta.

Aðalnámskrá leikskóla byggir á ofangreindum markmiðum 2. greinar laga um leikskóla nr. 90/2008 og er ætlað að vera leiðarljós leikskólastarfs í landinu. Á grundvelli þess sem kveðið er á um í lögum um hlutverk leikskóla og áherslum í aðalnámskrá hafa verið skilgreindir grunnþættir í menntun. Þessir grunnþættir eru:

- **læsi í víðum skilningi,**
- **sjálfbærni,**
- **lýðræði og mannréttindi,**
- **jafnrétti,**
- **sköpun.**

Þessir þættir eiga að vera leiðarljós í almennri menntun og uppeldi í skólakerfinu og vera sýnilegir í aðalnámskrá leikskóla. Nánar er fjallað um grunnþætti í íslenskri menntun í sameiginlegum hluta aðalnámskrár leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Leikskólinn er fyrsta stig skólakerfisins þar sem börn á leikskólaaldri eiga að fá njóta bernsku sinnar og upplifa gleði og öryggi í leikskóla. Miklu skiptir hvernig leikskólastarfið er skipulagt og hvernig uppbyggileg viðhorf allra í samfélaginu viðheldur og byggir undir góða leikskólamenningu í þágu barna, foreldra og starfsfólks. Hlutverk allra í skólasamfélaginu eru mörg og mismunandi en markmiðið er það sama. Að leitast við að tryggja börnum umönnun, uppeldi og menntun, þar sem hagsmunir og velferð barna eru höfð að leiðarljósi. Námskráin endurspeglar þannig uppeldis- og menntunarhlutverk leikskólans og felur í sér ákveðna sýn á börn og leikskólastarf og grundvallar gildi leikskólastarfs.

Í námskránni er fjallað um leiðarljós leikskólastarfs, lýðræði og samskipti, leik og nám, námsumhverfi, samstarf fjölskyldunnar og leikskólans, mat á vellíðan og námi barna, tengsl milli skólastiga, mat á leikskólastarfi, skólanámskrá, starfsáætlun og þróunarstarf. Um námssvið leikskólans er fjallað í kafla um samþætt og skapandi leikskólastarf. Þau eru flokkuð í: Tjáningu og samskipti, hreyfingu og vellíðan, umhverfi og vísindi og menningu og listir.

Námskránni er ætlað að vísa veginn hvað varðar stefnu og hugmyndafræði leikskólastarfs. Hins vegar eru þær aðferðir sem leikskólar nota ekki tilgreindar. Leikskólar geta farið fjölbreyttar leiðir að sama marki með hliðsjón af hugmyndafræði leikskólans og aðstæðum á hverjum stað. Hver leikskóli mótar sínar starfsaðferðir og setur þær fram í skólanámskrá og starfsáætlun leikskólans.

#### *Hlutverk leikskólastjóra*

Leikskólastjóri er faglegur leiðtogi og í forystu um þróun metnaðarfulls leikskólastarfs. Hann leiðir lýðræðislegt samstarf ólíkra hópa sem starfa innan leikskólans og stuðlar að uppbyggilegum samskiptum með velferð barna að markmiði. Honum ber að sjá til þess að starfsfólk fái tækifæri til að bæta við þekkingu sína og vera í stöðugri starfsþróun. Það er hlutverk leikskólastjóra að sjá til þess að farið sé eftir aðalnámskrá, lögum og reglugerðum sem snerta leikskólann. Leikskólastjóri skal hafa það að leiðarljósi að sú sýn til barna og náms sem endurspeglast í aðalnámskrá leikskóla sé samofin öllu starfi leikskólans og að starfið sé metið reglulega.

#### *Hlutverk leikskólakennara*

Leikskólakennari á að vera leiðandi í mótun uppeldis- og menntastarfsins, fylgjast með nýjungum og miðla þekkingu. Hann á að vera góð fyrirmynd í starfi með börnum og leitast við að styrkja faglegt hlutverk leikskólans. Litið er á leikskólakennara sem leiðandi samverkamann barna, foreldra og annars starfsfólks leikskóla. Honum ber að sjá til þess að hvert barn fái notið hæfileika sinna og að námsumhverfi sé skipulagt á þann veg að börn fái notið bernsku sinnar. Leikskólakennari er í lykilhlutverki við skipulagningu og framkvæmd innra mats.

#### *Hlutverk allra sem starfa í leikskólum*

Allt starfsfólk leikskóla á að koma fram við börn af virðingu, taka tillit til og hlusta á þau. Starfsfólk ber ábyrgð á að vera í gefandi samskiptum við börn, samstarfsfólk og fjölskyldur barna. Starfsfólki ber að vinna í anda aðalnámskrár og tileinka sér þá sýn sem sett er fram í skólanámskrá.

## **Leiðarljós leikskólastarfs**

Leikskólinn er fyrsta stig skólakerfisins og upphaf formlegrar ævimenntunar einstaklinga. Leikskólaaldurinn er mikilvægur námstími barna. Nám í leikskóla myndar grunn að námi á öðrum skólastigum. Í samstarfi við foreldra á leikskólinn að kappkosta að veita öllum börnum tækifæri til að njóta bernsku sinnar og stuðla að vellíðan þeirra. Leggja á áherslu á styrkleika barna og hæfni og þörf þeirra fyrir vernd og leiðsögn fullorðinna. Í leikskólastarfi mynda hugtökin uppeldi, umönnun og menntun eina heild þar sem börnum er sýnd virðing og umhyggja. Þau fái hvatningu og viðfangsefni við hæfi og að litið sé á þau sem fullgilda þátttakendur í samfélagi leikskólans.

- Leikskóli á að vera lýðræðislegur vettvangur þar sem starfsfólk, foreldrar og börn eru virkir þátttakendur og hafa áhrif á alla ákvörðunartöku. Þar er lagður grunnur að borgaravitund barna.
- Starfshættir leikskóla eiga að hvetja til samvinnu og samstarfs milli barna, starfsfólks, foreldra og nærsamfélags.
- Leikskóli á að vera félags- og menningarlegur vettvangur þar sem þjóðararfur og gildi íslensks samfélags skipa veglegan sess.
- Leikskóli á að vera samfélag þar sem hver einstaklingur nýtur virðingar og leggur sitt af mörkum.
- Starfshættir leikskóla eiga að taka mið af umhverfi leikskólans og því samfélagi sem hann er staðsettur í. Jafnframt á leikskólinn að vera virkur þátttakandi í samfélaginu og hafa áhrif á það.
- Leikskólastarf skal byggja á jafnrétti, virðingu fyrir margbreytileika mannlífsins og öðrum menningarheimum. Virða skal rétt allra sem þar dvelja, óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum eða getu og leitast við að koma til móts við þarfir allra.
- Menntun til sjálfbærni á að endurspeglast í öllu starfi leikskóla í virku samstarfi við heimili og nærsamfélag.
- Leikskóli á að vera menntasamfélag barna, foreldra og starfsfólks.
- Í leikskóla þarf að finna fjölbreyttar leiðir til samstarfs við fjölskyldur og leita margvíslegra leiða til að koma á framfæri upplýsingum um starfshætti og starf leikskólans.
- Starfshættir leikskóla eiga að stuðla að því að börn læri að bera virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, þrói með sér samkennd, tillitssemi og vináttu.
- Í leikskóla á að stuðla að því að börn þrói með sér jákvæða sjálfsmynd með því að virða sérstöðu og sjónarmið hvers einstaklings.
- Í leikskóla eiga börn að fá tækifæri til að fást við viðfangsefni sem taka mið af áhuga þeirra, styrkleikum og þroska, þannig að trú þeirra á eigin getu aukist og hneigð þeirra til náms eflist.
- Í leikskóla á að byggja á reynslu barna og skapa þeim merkingarbæra reynslu.
- Í leikskóla á að leggja áherslu á sjálfstæði og frumkvæði og hvetja á hvert barn til að taka ábyrgð á sjálfu sér.
- Starfshættir leikskóla eiga að stuðla að virðingu barna fyrir náttúru og umhverfi sínu.
- Í leikskóla eiga börn að fá tækifæri til fjölbreyttrar hreyfingar og útiveru.

- Í leikskóla eiga börn að fá tækifæri til að vera virk og fást við fjölbreytt verkefni sem bjóða upp á margar lausnir og hvetja til rannsókna og ígrundunar.
- Starfshættir leikskóla eiga að hvetja til skapandi og gagnrýnnar hugsunar og gefa börnum færi á að virkja sköpunarkraft sinn.
- Í leikskóla á að hvetja börn til að túlka og tjá sig á fjölbreyttan hátt, m.a. í gegnum leik, hreyfingu, myndmál, tónlist, tungumál, tölur og tákni.
- Í leikskóla á að skapa aðstæður fyrir börn til að leika sér svo þau fái svigrúm fyrir ímyndunarafl sitt og sköpun.
- Börn læra ný orð og hugtök og æfa tungumálið í daglegum samskiptum og þegar þau fá tækifæri til að tjá sig og hlusta á frásagnir, sögur, ljóð og ævintýri. Í leikskóla á að nýta þau tækifæri sem gefast í daglegu starfi til að efla íslenska málvitund.

Hér hefur verið fjallað um kjarna leikskólastarfs á Íslandi. Ofangreind leiðarljós eiga að vísa hverjum leikskóla veginn í mótun leikskólastarfs og á starf leikskóla að taka mið af þeim. Starfsfólk leikskóla, í samráði við foreldra og börn, þarf að koma sér saman um hvernig starf leikskólans tekur mið af leiðarljósunum og skrá aðferðir og leiðir í skólanámskrá leikskólans.

## Lýðræði og samskipti

Leikskólinn er vettvangur þar sem leggja á áherslu á gildi og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag.

Lýðræðislegt leikskólastarf byggir á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Þar finna börn að þau eru hluti af hóp og samfélagi þar sem réttlæti og virðing í samskiptum er höfð að leiðarljósi. Litið er á börn sem virka borgara og þátttakendur þar sem hver og einn einstaklingur nýtur virðingar og fær tækifæri til að leggja sitt af mörkum til að hafa áhrif á umhverfi sitt.

Í leikskóla ber að undirbúa börn fyrir virka þátttöku í samfélaginu með því að skapa þeim tækifæri til að upplifa lýðræðisleg vinnubrögð og samskipti í daglegu starfi. Þannig öðlast þau skilning á því hvað lýðræði felur í sér, læra lýðræðisleg gildi og vinnubrögð og þróa með sér borgaravitund.

Í leikskóla eiga foreldrar, starfsfólk og börn að vera samstarfsaðilar sem vinna saman og taka sameiginlegar ákvarðanir um leikskólastarfið. Foreldrar jafnt sem starfsfólk þarf að hafa greiðan aðgang að upplýsingum um velferð og hagsmuni barnanna. Virða skal innsæi, reynslu, færni og skoðanir barna. Við skipulagningu og innra mat leikskólastarfs skal taka mið af sjónarmiðum þeirra barna sem þar eru. Þarfir og áhugi sem börn láta í ljós á fjölbreyttan hátt eiga að vera sá grunnur sem mótar umhverfi og starfshætti leikskólans.

Í leikskóla á að leggja áherslu á að börn hafi ákvörðunarvald um verkefni og vinnubrögð. Í samstarfi við önnur börn og fullorðna skiptast þau á skoðunum, finna lausnir og miðla málum.

Í daglegu starfi leikskóla skal leggja áherslu á umhyggju, tillitssemi og samhjálp meðal allra í leikskólanum. Jafnframt skal nýta tækifæri sem gefast til að fjalla um samkennd og samlíðan gagnvart öðru fólki. Lögð skal áhersla á að virða sérstöðu og sjónarmið hvers einstaklings og veita börnum stuðning í daglegum samskiptum.

Leikskóli þarf að vera vettvangur þar sem börn og starfsfólk:

- Tekur virkan þátt í samræðum um lýðræðisleg málefni.
- Hlustar hvert á annað og skiptist á skoðunum.
- Tekur ábyrgð á sjálfum sér og gjörðum sínum.
- Vinnur saman og aðstoðar hvert annað.
- Hefur val um verkefni og vinnubrögð.
- Hefur áhrif á leikskólastarfið.
- Leitir að mismunandi lausnum.

## Leikur og nám

Leikur er órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og á að vera sýnilegur og þungamiðja leikskólastarfsins. Leikur er sjálfsprottinn og börnum eðlislægur þar sem þau leika sér af fúsum og frjálsum vilja á eigin forsendum. Leikur getur veitt gleði og vellíðan en jafnframt falið í sér valdabaráttu og átök.

Leikur er megin námsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn. Þegar börn leika sér saman mynda þau félagslega hópa og skapa eigin menningu. Þau efla sig í lýðræðislegum athöfnum þegar þau setja fram eigin hugmyndir og þurfa jafnframt að skilja hlutina frá sjónarmiði annarra.

Í leik geta börn prófað sig áfram með hugmyndir sínar og byggt upp nýjan skilning og nýja þekkingu. Í leik skapast vettvangur þar sem spurningar verða til og börn leysa vandamál sem upp koma á eigin forsendum. Í leik örvast vitrænin og skapandi þættir, tungumálið og hreyfi-, félags- og tilfinningaþroski. Leikur getur virkjað sköpunarkraft barna og löngun þeirra til að læra og afla sér þekkingar.

Leikur getur verið bæði markmið og leið í leikskólastarfi. Þegar leikur er nýttur sem leið þá eru sett fram ákveðin markmið sem ætlunin er að ná í gegnum leikinn. Námssvið leikskólans fléttast inn í leik barna þegar starfsfólk tengir á markvissan hátt markmið þeirra við leik. Starfsfólk kynnir börnum nýja möguleika og skapar þannig sameiginlega reynslu sem nýtist í leik. Mikilvægt er að starfsfólkið sé vakandi fyrir áhuga barna og því sem gerist í leik, spyrja opinna spurninga og vinna markvisst með það sem börn eru að fást við og sýna áhuga.

Í leik læra börn hvert af öðru en jafnframt er hlutverk hins fullorðna í leik barna mikilvægt og margþætt. Starfsfólk leikskóla þarf að styðja við nám barna í gegnum leik á margvíslegan hátt m.a. með því að:

- Skapa fjölbreytilegt leikumhverfi og veita aðgengi að leikefni sem byggir á áhuga barna og hvetur þau til að rannsaka, finna lausnir og skapa.
- Gefa leik nægan og samfelldan tíma.
- Gefa leik nægjanlegt rými svo börnin fái svigrúm til að hreyfa sig og til að þróa leik og dýpka.
- Styðja við sjálfsprottnar athafnir og áhuga.
- Eiga samskipti við börn og mynda tengsl við þau í gegnum leik.
- Vera vakandi fyrir þeim tækifærum sem upp koma í leik og nota þau til að kveikja áhuga barna og styðja við nám þeirra.
- Styðja við og efla jákvæð samskipti í leik.
- Sjá til þess að öll börn hafi tækifæri til þátttöku í leik úti og inni.



## Sambætt og skapandi leikskólastarf

Börn læra í leik og daglegu starfi í leikskólanum, innan dyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu. Námssvið leikskólans eiga að vera sambætt og samofin öllu starfi leikskóla. Þau eiga að byggja á skapandi og gagnrýnni hugsun og tengjast leik og daglegu athöfnum í leikskólum.

Menntun og hæfni eru lykilhugtök í aðalnámskrá leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Hæfni felur í sér þekkingu og leikni og siðferðileg viðhorf. Hæfni barna eykst með aldri og þroska og stuðlar að aukinni menntun.

Námssvið leikskólans flokkast í: *Tjáningu og samskipti, hreyfingu og vellíðan, umhverfi og vísindi, menningu og listir.*

Námssvið leikskólans þurfa að:

- Vera hluti af leik barna.
- Vera sambætt daglegu starfi leikskóla.
- Vera heildstæð og byggja á reynslu barna.
- Byggja á áhuga barna og hugmyndum.
- Taka mið af félags- og tilfinningalegum þáttum náms.
- Vera skipulögð í samvinnu starfsfólks, foreldra og barna.
- Hvetja til samvinnu og samstarfs.
- Stuðla að sjálfstæði og frumkvæði.
- Hvetja til ímyndunar og sköpunar.
- Vekja forvitni og hvetja til rannsókna og kannana.
- Vera ánægjuleg og stuðla að vellíðan barna.
- Styrkja áhuga barna á námi og hvetja þau til að læra og auka þekkingu sína og færni.
- Stuðla að sterkri sjálfsmynd og sjálfsþekkingu.
- Stuðla að uppbyggilegum samskiptum, vináttu og gleði.

Samskipti milli barna og milli barna og fullorðinna eru mikilvægur þáttur í sambættu námi barna. Starfsfólk leikskóla þarf að styðja við nám barna og skipuleggja námsumhverfi sem örvar og hvetur.

### Tjáning og samskipti

Börn eru félagsverur sem hafa þörf fyrir að skiptast á hugmyndum og spurningum og ræða hugsanir sínar og tilfinningar. Þau nota ýmsar aðferðir til að tjá sig og ná sambandi við annað fólk svo sem með hljóði, tónlist, látbragði, dans, leikrænni tjáningu, myndmáli og tungumáli. Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér hæfni, þekkingu, leikni og viðhorf barna til að lesa í umhverfi sitt og nota tungumálið á fjölbreyttan hátt.

Leikskólakennarar og annað starfsfólk leikskóla á að leggja áherslu á að skapa aðstæður svo börn fái ríkuleg tækifæri til að:

- Tjá sig með og án orða í mismunandi tilgangi og við mismunandi aðstæður.
- Leika sér á skapandi hátt með tungumálið og möguleika þess.
- Njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri.
- Þróa læsi og öðlast skilning á því að ritað mál og tákni hafi merkingu.
- Nýta sér margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar, rannsaka og kynna hugmyndir sínar.
- Deila skoðunum og hugmyndum.
- Endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og skapandi starfi.
- Taka þátt í heimspekilegum umræðum og vangaveltum.
- Velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu og menningu annarra þjóða.
- Leita að mismunandi lausnum.

## Hreyfing og vellíðan

Í leikskóla þurfa börn að læra um og tileinka sér heilbrigðan lífsstíl, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Hreyfing hefur í för með sér gleði og ánægju og í gegnum hana læra börn. Börn eiga að fá tækifæri til að hreyfa sig frjálst jafnframt því að taka þátt í skipulagðri hreyfingu. Hreyfing og vellíðan hefur áhrif á hvernig börn hafa samskipti og umgangast umhverfi sitt sem og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður.

Vellíðan barns tengist sjálfmynd þess; hvort það hefur trú á eigin hæfni, er áhugasamt og sýnir vilja og getu til að takast á við viðfangsefnin. Daglegar athafnir í leikskóla eiga að stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðan barna og góðri heilsu. Þáttur umhyggju á að skipa stóran sess í starfi leikskóla og mikilvægt er að starfsfólk beri sig sérstaklega eftir því að mynda góð og nán tengsl við börnin. Stöðugleiki í starfsmannahaldi er mikilvæg forsenda þessara tengsla.

Í leikskóla ber að stuðla að vellíðan barna með því að leggja áherslu á:

- Umhyggju.
- Holla næringu.
- Persónulega umhirðu.
- Ögrandi og krefjandi hreyfingu og útivist.
- Slökun og hvíld.
- Tilfinningalegt jafnvægi.
- Félagsleg tengsl.

## Umhverfi og vísindi

Frá fyrstu stundu reyna börn að kanna og skilja umhverfi sitt á margbreytilegan hátt. Þau hlusta, bragða, handfjatla, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Ung börn læra í gagnvirkum samskiptum við umhverfi sitt. Byggja þarf á reynslu barna af umhverfi sínu og skapa aðstæður fyrir nýja merkingarbæra reynslu.

Hlutverk leikskólakennara og annars starfsfólks er að styðja við nám barnanna með því að; hlusta og átta sig á hvernig börn skilja hlutina, með því að kynna nýjan efnivið og hugmyndir

og spyrja spurninga sem vekja börnin til umhugsunar. Vera þátttakendur í samræðu og rannsóknum með börnum. Starfsfólk þarf að ýta undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barna og hvetja þau gagnrýni, að prófa sig áfram og leita svara og að bera virðingu fyrir umhverfi sínu. Jafnframt ber að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoða börn við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum.

Leikskólakennarar og annað starfsfólk leikskóla á að leggja áherslu á að skapa aðstæður svo börn fái ríkuleg tækifæri til að öðlast færni í að skoða, gera tilraunir, rannsaka og velta vögum yfir:

- Fyrirbærum í náttúrunni.
- Lífverum í umhverfinu og lífsháttum þeirra.
- Eðli ýmissa krafta.
- Eiginleikum ýmissa efna og hluta.
- Umgengni við náttúrulegt og manngert umhverfi.
- Skapandi möguleikum tækninnar.
- Eigin samfélagi og menningu og menningu annarra þjóða.
- Tákn og mynstrum í umhverfinu.
- Stærðfræðilegum hugtökum.
- Tölum og merkingu þeirra.
- Rými, fjarlægðum og áttum.
- Samhengi orsaka og afleiðinga.
- Mismunandi lausnum.

## Menning og listir

Barnamenning er þáttur í starfi leikskóla sem ber að veita sérstaka athygli. Barnamenning er samofin öllu starfi leikskóla en tengist menningu og listum sérstaklega. Sköpun er mikilvægur þáttur í námi, leik og þroska barna. Sköpun í leikskóla á fyrst og fremst að beinast að sköpunarferlinu; gleðinni, tjáningunni, könnuninni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fær að njóta sín. Umhverfi leikskóla á að örva skynjun og styðja við sköpunarkraft barna. Hlutverk leikskólakennara felst m.a. í því að velja leiðir sem hvetja til sjálfstæðra vinnubragða og skapandi hugsunar og gera barninu kleift að nálgast efnið frá mörgum hliðum.

Í leikskóla á að vera rými fyrir sköpunarferli og fagurfræðilega tjáningu og þar eiga börn að fá tækifæri til að:

- Njóta þess að taka þátt í skapandi ferli.
- Upplifa tjáningarmátt skapandi starfs.
- Finna til ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti.
- Njóta tónlistar og taka þátt í söng.
- Skapa tónlist, myndlist og leiklist.
- Kanna og vinna með margvíslegan efnivið.
- Nýta fjölbreytta tækni í skapandi starfi.
- Tjá upplifun sína s.s. í myndmennt, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu.
- Njóta menningar og lista í nærumhverfi.

- Taka virkan þátt í að móta menningu leikskólans með hátíðum og viðburðum sem tengjast barnamenningu.
- Vinna og skapa með listafólki á hinum ýmsu sviðum menningar og lista.

## Námsumhverfi

*Húsnæði og búnaður leikskóla, leikvöllur og nærumhverfi* mynda námsumhverfi leikskóla því leikskólabörn læra bæði úti og inni. Skipulag, hönnun og nýting námsumhverfis endurspeglar þau viðhorf og gildi sem liggja að baki leikskólastarfinu. Umhverfið er jafnframt mikilvægur áhrifaþáttur í námi barna og þarf hönnun þess, nýting og skipulag að taka mið af reynslu, áhuga og þroska ólíkra barna.

Þegar námsumhverfi leikskóla innan- og utandyra er skipulagt þarf að hafa í huga markmið leikskólastarfsins, notagildi og fagurfræðilega þætti. Umhverfið þarf að vera öruggt, heilsusamlegt og jafnframt hvetjandi og aðlaðandi. Leggja skal alúð í skipulag og hönnun umhverfis þar sem verk barna njóta sín.

Námsumhverfi leikskóla þarf að henta fjölbreyttum hópum barna, starfsfólki og foreldrum og þarf að geta tekið breytingum og þróast með tilliti til þarfa og áhuga þeirra sem þar dvelja. Börn og foreldrar eiga að fá tækifæri til að hafa áhrif á skipulagningu námsumhverfisins í samráði við starfsfólk leikskóla.

*Húsnæði* þarf að vera skipulagt þannig að það stuðli að samskiptum milli barna, milli starfsfólks og barna og milli starfsfólks og foreldra. Skipuleggja þarf svæði þar sem leikur og nám fara fram í litlum hópum, rými þar sem börn geta verið í ró og næði og svæði þar sem börn geta leikið í stærri hópum. Umhverfi leikskóla þarf að vera sveigjanlegt þannig að börn geti nýtt það á ýmsa vegu og farið frjálst frá einum stað til annars, fengið hugmyndir og nýtt efnivið sem þar er að finna.

*Efniviður* leikskóla á að vera margbreytilegur og höfðaður til ólíkra barna á ólíkum aldri. Mikilvægt er að endurmeta og þróa leikefni reglulega. Starfsfólk þarf að setja fram hvetjandi leikefni sem höfðar til mismunandi skynjunar og örvar börnin til rannsókna og kannana. Mikilvægt er að börn geti notað leikefni á fjölbreyttan hátt og byggt á reynslu sinni. Leikefni þarf að vera aðgengilegt börnum. Rými og efniviður þarf að vekja forvitni barna og ýta undir ímyndunarafli þeirra, sköpunarkraft og tjáningu þannig að hugmyndir þeirra fái að njóta sín.

*Leikskólalóð* er mikilvægt námsrými sem á að hvetja börn til leiks, til að rannsaka, hreyfa sig og tjá sig á mismunandi vegu. Til að svo megi vera þarf að huga að fjölbreytileika m.a. í landslagi, jarðvegi, gróðri og þeim efnivið sem börnin hafa aðgang að.

*Nærumhverfi* leikskóla er margbreytilegt og mismunandi eftir staðsetningu leikskólans. Náttúran býður upp á fjölbreyttan efnivið og margvísleg tækifæri til rannsókna og uppgötvana. Manngert umhverfi í nágrenni leikskóla er einnig mikilvægt námsumhverfi sem börn þurfa að fá tækifæri til að kynnast og læra af. Í þessu sambandi má huga að umferðarreglum og öryggis- og forvarnamálum.

## Mat á vellíðan og námi barna

Mat á vellíðan og námi barna felur í sér að safnað er upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á; hvað þau vita, geta og skilja. Upplýsingarnar eru nýttar til að styðja við nám barns, við skipulagningu leikskólastarfsins og samvinnu við foreldra. Um er að ræða ferli sem á að vera samþætt daglegu starfi leikskólans og felur í sér skipulagningu, skráningu, mat og ígrundun á námi barna.

Markmið mats er að efla þekkingu og skilning leikskólakennara og annars starfsfólks leikskóla, foreldra og barns á námi barns, þroska þess, vellíðan og hneigð til náms. Matið á einnig að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla og réttindi barna séu virt þannig að þau fái uppeldi, umönnun og menntun í samræmi við lög. Er þar lögð áhersla á að efla alhliða þroska barna, sjálfstæði, virkni og þátttöku barna, sjálfsvitund, hæfni þeirra til mannlegra samskipta, víðsýni, siðferðiskennd og hæfni þeirra til sköpunar og tjáningar.

Mat á að beina sjónum að áhuga barna, getu þeirra, hæfni og styrk. Börn sýna getu sína og þekkingu, hæfni og áhuga á ólíkan hátt og skal forðast að nota mat í þeim tilgangi að bera saman hæfni barna á afmörkuðum sviðum, flokka þau eftir getu eða leita eftir því sem þau geta ekki.

Sérfræðipjónusta í leikskólum skal stuðla að jafnrétti og vellíðan. Hún felst annars vegar í stuðningi við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar í stuðningi við starfsemi leikskóla og starfsfólk þeirra.

Hver leikskóli á að þróa fjölbreyttar aðferðir við að safna, skrá, skipuleggja og greina upplýsingar um nám barna, þroska þeirra, vellíðan og færni og móta sér sérstakt vinnulag þar um. Fjalla þarf um vinnulagið í skólanámskrá og hafa það þannig aðgengilegt þeim sem málið varðar.

Mikilvægt er að mat byggi á þátttöku og samvinnu starfsfólks leikskóla, foreldra og barna. Börn eiga að fá tækifæri til að taka þátt í að meta nám sitt, setja sér markmið og ákveða hvaða leiðir best sé að fara. Foreldrar búa yfir mikilvægum upplýsingum og þekkingu á börnum sínum og eiga að taka þátt í mati á vellíðan þeirra og námi. Mat sem unnið er í samstarfi starfsfólks leikskóla, foreldra og barna stuðlar að betri skilningi og innsýn í námsferli barna, áhuga þeirra og styrkleika. Það auðveldar foreldrum að styðja við börn sín heima og eykur vitund barna um eigin getu og styrkleika og hvernig þau læra best. Mat á þannig að efla sjálfstraust og sjálfsmýnd leikskólabarnsins.

## Fjölskyldan og leikskólinn

Samstarf fjölskyldu barna og starfsfólks leikskóla byggir á þeirri forsendu að foreldrar beri meginábyrgð á uppeldi barna sinna. Leikskólastarf er stuðningur við það uppeldi.

Velliðan barns í leikskóla er samtengd velferð fjölskyldu þess og heimilis. Sjónarmið fjölskyldu barna gefa innsýn í líf þeirra og eru sjónarmið foreldra og framlag þeirra til leikskólastarfs mikilvægur liður í því að hafa heildarsýn á velferð og velliðan barna. Þegar börn hefja leikskólagöngu er mikilvægt að foreldrar og starfsfólk leikskóla myndi ákveðinn samvinnuvettvang þar sem umhyggja og velferð barna er höfð að leiðarljósi. Þar ber starfsfólki að sýna fjölbreyttum fjölskyldugerðum og menningu skilning og virðingu. Samstarf starfsfólks leikskóla og foreldra þarf að byggja á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu hvors annars. Mikilvægt er að þessir aðilar geti treyst hvor öðrum, deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða einstök börn.

Við *aðlögun* barns í leikskóla er lagður hornsteinn að samstarfi foreldra og starfsfólks leikskóla. Þar gefst foreldrum tækifæri til að kynnast starfsháttum, hugmyndafræði og námskrá leikskólans og starfsfólk leikskólans fær upplýsingar um barnið, aðstæður þess, reynslu og áhugasvið. Á þessum gagnkvæmu upplýsingum byggjast fyrstu skref barnsins í leikskólanum. Foreldrar þurfa strax í upphafi að fá þau skilaboð að þeirra framlag sé mikils metið og litið sé á þá sem mikilvæga samstarfsaðila. Starfsfólki leikskóla ber að leitast við að ná til foreldra allra barna, einnig þeirra sem ekki tala íslensku eða nota táknmál.

*Dagleg samskipti* þurfa að einkennast af vilja til samvinnu og virðingu fyrir tilfinningum og skoðunum barna, foreldra og starfsfólks. Tíðust samskipti starfsfólks leikskóla og foreldra fara fram þegar foreldrar koma með börn sín og sækja þau í leikskólann. Mikilvægt er að starfsfólk leikskóla nýti þann tíma vel. Einnig þarf starfsfólk leikskóla að grípa sem flest tækifæri til að veita foreldrum upplýsingar um leikskólastarfið og barnið þeirra og til að hlusta á viðhorf og hugmyndir foreldra. Að sama skapi er mikilvægt að foreldrar séu hvattir til að spyrjast fyrir um starfið í leikskólanum og leikskólagöngu barna sinna.

Í *reglubundnum samtölum foreldra og starfsfólks* gefast tækifæri á markvissum samræðum um líðan, nám og þroska barns heima og í leikskólanum. Foreldrar þekkja börn sín best og styðja við leikskólagöngu þeirra með því að veita starfsfólki leikskóla mikilvægar upplýsingar sem mynda grunn að leikskólanámi barnsins. Jafnframt eiga foreldrar að hafa gott aðgengi að öllum upplýsingum um leikskólastarfið og börn sín svo þeir geti fylgst með leikskólagöngu þeirra, veitt þeim stuðning og hvatningu.

Hvatt er til *þátttöku* fjölskyldna í leikskólastarfi og að byggt sé á þeirri hugmynd að fjölskyldan og leikskólinn séu samstarfsaðilar. Starfsfólk leikskóla skal leitast við að hlusta eftir sjónarmiðum foreldra. Þeir þurfa að finna að hugmyndir þeirra og ábendingar séu metin að verðleikum og að þeir geti haft áhrif á leikskólastarfið. Gert er ráð fyrir að allar meiriháttar breytingar í starfi leikskólans séu gerðar í samráði við foreldraráð. Leikskólakennarar og annað starfsfólk leikskóla ígrundar og metur sjónarmið barna og framlag foreldra til leikskólastarfs. Með fagmennsku sinni ber það ábyrgð á að skipulag starfsins taki mið af heildarhagsmunum allra sem að því koma.

## Tengsl skólastiga

Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að reynsla og nám barna á fyrri skólastigum nýtist þeim á næsta skólastigi. Að fara úr leikskóla í grunnskóla felur í sér breytingar fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Mikilvægt er að nám og uppeldi í grunnskóla byggi á fyrri reynslu og námi barna til að skapa þeim öryggi og ný námstækifæri. Þannig þarf sú þekking og þau viðfangsefni sem börnin voru að fást við í leikskólanum að verða grunnur sem grunnskólanámið byggir á, jafnframt því sem þau fá tækifæri til að takast á við ögrandi verkefni og öðlast nýja reynslu.

Farsæll flutningur barna úr leikskóla í grunnskóla felur einnig í sér undirbúning og aðlögun fyrir og eftir lok leikskólanáms. Leikskólabörn eiga að fá tækifæri til að kynnast umhverfi og starfi grunnskóla meðan þau eru enn í leikskóla. Líta ber á síðasta ár barna í leikskóla og fyrsta ár þeirra í grunnskóla sem mikilvægan þátt í ævimenntun barna.

Við lok leikskólagöngu liggja fyrir í leikskólum ýmsar upplýsingar um börnin. Til að tryggja að byggt sé á fyrri námi og reynslu leikskólabarna þegar þau byrja í grunnskóla og að aðlögun þeirra verði eins og best verður á kosið er gert ráð fyrir að upplýsingar um einstaka börn sem nauðsynlegar eru fyrir velferð þeirra og þroska fylgi þeim í grunnskóla. Þær upplýsingar eiga að vera einstaklingsmiðaðar þannig að ekki sé um samanburð milli barna að ræða. Leitast á við að börnum sé gert kleift að vera virkir þátttakendur í þessu ferli og fái tækifæri ásamt foreldrum að láta í ljósi sjónarmið sín um þau gögn sem fylgja þeim milli skólastiga. Foreldrar eru mikilvægir tengiliðir milli skólastiga. Þeir miðla upplýsingum um börn sín og leikskólagöngu þeirra og eiga rétt á að fá vitneskju um þau gögn sem fylgja barninu úr leikskóla. Foreldrum á að gefast kostur á að bregðast við þeim upplýsingum um barnið sem fara milli leikskóla og milli leikskóla og grunnskóla.

Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra og starfsfólks skóla, þar sem barnið, velferð þess, þroski og menntun eru í brennidepli. Kennarar og annað starfsfólk á báðum skólastigum eiga að kynna sér nám og starfsaðferðir hvers annars og leita leiða til að móta samstarf og skapa samfellu í námi barna í því augnamiði að auka sjálfstraust barna og styðja við nám þeirra.

Gera þarf grein fyrir markmiðum, fyrirkomulagi og uppbyggingu samstarfs og tengsla milli skólastiga í skólanámskrá hvers leikskóla.

## Skólanámskrá og starfsáætlun

Á grunni aðalnámskrár á sérhver leikskóli að móta sína eigin *skólanámskrá*. Námskráin á að vera skrifleg og aðgengileg öllum þeim sem málið varðar. Í skólanámskrá á að gera grein fyrir hvernig leikskólinn hyggst vinna að þeim markmiðum sem aðalnámskrá setur og hvaða leiðir verða farnar. Jafnframt skal fjallað um þær hugmyndafræðilegu áherslur sem leikskólinn styðst við. Í skólanámskrá eiga einnig að koma fram þær áherslur og leiðir sem leikskólinn hefur ákveðið að fara í samskiptum við börn, starfsfólk, foreldra og nærsamfélagið.

Skólanámskrá leikskóla á að taka mið af áhuga barna og sjónarmiðum og vera unnin í samvinnu starfsfólks, barna og foreldra. Með þátttöku og samræðum þessara aðila mótast helstu áherslur og viðmið í starfi leikskóla. Skólanámskráin er því einskona sáttmáli um hvaða leiðir hver leikskóli ætlar að fara í starfsaðferðum og samskiptum til að stuðla að starfsþróun og fagmennsku innan leikskólans.

Áður en að skólanámskrá öðlast gildi skal nefnd kjörin af sveitarstjórn staðfesta námskrána að fenginni umsögn foreldraráðs. Skólanámskrá skal endurskoða reglulega og á hún að vera aðgengileg öllum þeim sem málið varðar.

Leikskólar eiga árlega að gera *starfsáætlun* þar sem fjallað er nánar um starfsemi leikskólans, svo sem skóladagatal, foreldrasamstarf, tengsl leikskóla og grunnskóla, stoðþjónusta, fyrirkomulag öryggis- og slysavarnamála og ýmsar hagnýtar upplýsingar um skólalag hvers leikskóla. Í starfsáætlun er starfsemi síðasta leikskólaárs metin og settar fram leiðir að umbótum. Áætlunin er unnin í nánú samstarfi við starfsfólk, börn og foreldra. Þannig gefst tækifæri til að ræða árlega þá þætti sem þessir aðilar telja mikilvæga og eru ánægðir með og jafnframt þá þætti sem þeir telja að megi bæta.

Leikskóli verður að vera í stöðugri þróun og fylgja straumum og stefnum á hverjum tíma og auka þekkingu og framfarir í leikskólanum til hagsbóta fyrir skólasamfélagið í heild. Þróunarstarf felst í skipulögðum verkefnum sem eiga að leiða til nýbreytni, þróunar og umbóta í leikskólastarfinu. Markmið þróunarverkefnis, tímaáætlun, skipulag og leiðir þurfa að liggja fyrir áður en það hefst. Meta þarf árangur þess, hvort og hvernig markmið náðust og miðla reynslunni með öðrum sem að leikskólastarfi koma.



## Mat á leikskólastarfi

Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Innra mati á leikskólastarfi er einnig ætlað að veita upplýsingar um starfshætti leikskólans, stuðla að umbótum og auknum gæðum og vera liður í þróun skólastarfs í leikskólum. Með kerfisbundnu mati er greint hvað gengur vel og hvað miður og síðan teknar ákvarðanir um umbætur á grundvelli niðurstaðna.

Mat á starfi leikskólans á að taka mið af þeim markmiðum og gildum sem fram koma í lögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Jafnframt tekur innra mat mið af starfsaðferðum og sérstöðu hvers leikskóla sem fram kemur í skólanámskrá. Innra mat á að vera samofið daglegu starfi leikskólans, efla þekkingu, færni og ígrundun starfsfólks, auka ábyrgð leikskóla á eigin starfsemi og vera liður í foreldrasamvinnu.

Lýðræðisleg vinnubrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða allra þeirra sem koma að leikskólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Þar eru foreldrar, starfsfólk leikskóla og börn mikilvægustu þátttakendurnir. Þessir aðilar þurfa að fá tækifæri til að ígrunda og ræða leikskólastarfið sín á milli á jafnréttisgrundvelli.

Hver leikskóli mótar viðmið fyrir sína starfsemi og þróar matsaðferðir sem henta starfsháttum skólans. Mikilvægt er að styðjast við fjölbreyttar aðferðir sem taka mið af starfsaðferðum leikskólans, fjölbreytileika í foreldrahópnum og ólíkum tjáningarmáta barna.

Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati leikskólans og fylgir eftir umbótum í kjölfar mats. Niðurstöður innra mat á leikskólastarfinu ásamt umbótaáætlun á að birta opinberlega.

## Fylgiskjal

Yfirlit yfir reglugerðir sem gefnar hafa verið út við lög um leikskóla, nr. 90/2008

- Reglugerð nr. 242/2009 um Sprotasjóð leik-, grunn- og framhaldsskóla
- Reglugerð nr. 655/2009 um starfsumhverfi leikskóla
- Reglugerð nr. 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald
- Reglugerð nr. 896/2009 um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla
- Reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum

DRÖG